



Dagsetning
23.05.2013

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Efni: Deiliskipulag fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi.

Hafnarfjarðarbæ barst svar Skipulagsstofnunar dags. 03.10.2012 við erindi Hafnarfjarðarbæjar varðandi deiliskipulag Reykjanesbrautar, annars vegar frá Kaldárselsvegi að Áslandi, og hins vegar frá Áslandi að Krýsuvíkurvegi. Í svarinu kom m.a. fram að umhverfisskýrslur lægju ekki fyrir, og hefði átt að auglýsa þær og kynna samhliða skipulagstillögunum.

Meðfylgjandi eru lýsingar á umhverfisskýrslum sem fyrirhugað er að vinna. Annars vegar er ný skýrsla fyrir hlutann frá Kaldárselsvegi að Áslandi, og hins vegar uppfærsla skýrslu frá 2008 fyrir hlutann frá Áslandi að Krýsuvíkurvegi.

Hafnarfjarðarbær sendir þessar lýsingar til umsagnar Skipulagsstofnunar og óskar í framhaldi þess eftir fundi með Skipulagsstofnun um málið.

Með kveðju,

Tormóður Sveinsson
Skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðar,
Tölvupóstfang: tormodur@hafnarfjordur.is